

» Hún fjallar um sið-  
blinda ballerínu og  
það sem hún gerir til þess  
að komast á toppinn... 39



Í skápnem Kyrrmynd úr verki Sigurðar. Grísinn sem starfsmaður slátruhússins tekur sést hér lokaður inni í skápi.

# Af mönnum og svínnum

Sigurður Guðjónsson myndlistarmaður sýnir magnað myndbandsverk í D-sal Hafnarhússins þar sem svín, grísir og slátrarar eru í aðalhlutverkum

Eftir Helga Snæ Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is



Sigurður  
Guðjónsson

UNGUR maður sem vinnur á svínabúí tekur þá ákvörðun að yfirgefa búíð eftir dularfullar erjur við samverkamenn í svínabúinu. Hann hefur á brott með sér lítinn grís sem hann ræktar inni í skáp á heimili sínu. Óhugnanlegar minningar fara í kjölfarið að herja á manninn.

Þessa sögu má sjá út úr verki Sigurðar Guðjónssonar, *Rækt*, sem er í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og hluti af sýningaröð sem safnið helgar efnilegum og upprennandi myndlistarmönnum.

Verkið er tæknilega flókið og mikið í það

lagt, í raun er það stuttmynd með sérnum hljóðum og tónlist sem hljómsveitin Stilluppsteypa og Hlynur Aðils lögðu til verksins. Á hliðarveggi er varpað löngum myndbands-tökum af svínsskrokkum, sem ramma verkið hálfpartinn inn með heldur óhuggulegum en þó undarlega heillandi hætti.

## Tortímandi svína og bjargvættur

Sigurður segir söguna af unga manninum, svínabúinu og grísnum vera grunnhugmynd verksins. Fólk eigi þó ekki endilega að horfa á verkið sem sögu, hver upplifi það með sínum hætti. En hvaðan kemur hugmyndin að verkinu?

„Maður velur einhvern útgangspunkt til að vinna út frá. Ég held það hafi verið hljóð upp-haflega, frá svínnum. Ég var að vinna hljóðverk og fór upp úr því að narta í handritið. Ég var búinn að vera að vinna dálítið með svínahljóð og

flutti gjörning með Stilluppsteypu í Tjarnarbíói síðasta haust, en þeir notuðu þar svínahljóð,“ segir Sigurður.

Hann hafi upp úr því farið að skrifa og skissa. Sigurður segir svínin vera milli svefns og vöku í þá sex mánuði sem þau lifa í svínabúinu, en hann fékk leyfi til að taka upp hljóð og mynd í svínabúí fyrir verkið. Sigurður vill ekkert gefa upp um örlög gríssins sem numinn er á brott og ræktaður í skápi. Margt sé líkt með mönnum og svínnum. Sigurður tekur undir það að verkið sé óhuggulegt á köflum.


Aðalpersóna verksins er þversagnakennd, sýður annars vegar svínahausa og ræktar grís í skáp hins vegar. „Hann er nokkuð loðinn karakter,“ segir Sigurður og glottir. Sýningu Sigurðar lýkur 17. júní.

www.sigurdurgudjonsson.net

## Eli Roth klæðist Dead-bol í Grindhouse

■ Kvikmynda-tvíleikur þeirra Quentins Tarantino og Roberts Rodrigues, *Grindhouse* var frumsýndur á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrradag.

Myndin hefur fengið misjafna dóma gagnrýnenda en hún ku vera óhefðbundin á margan hátt. Hitt vekur þó meiri athygli Íslendinga að Eli Roth leikur lítið hlutverk í myndinni og klæðist þar forláta „Dead“-bol sem Jón Sæmundur Auðarson hannar en eins og frægt er orðið tóku þeir félagar Eli Roth og Tarantino ástfóstri við fatamerkið þegar þeir voru staddir hér á landi í fyrra.



## Fimm kvöld í röð

■ Í kvöld hefst fimm daga Gullhátíð á Gauk á stöng sem mun standa fram á sunnudag. Það er engin önnur en hljómsveitin Dúndurfréttir sem ætla að hefja leikinn í kvöld en hún mun einnig leika á Gauknum annað kvöld.

Dúndurfréttir hefur undanfarin ellefu ár spilað tónlist hljómsveitanna Led Zeppelin, Pink Floyd, Deep Purple og Uriah Heep við miklar vinsældir. Þeir félagar ætla nú að mæta á fæðingarstað sinn og halda tvenna tónleika eins og áður sagði, þar sem öll bestu lög þessara sveita fá að hljóma.

Það eru svo Sixties sem ætla að glamra og gleðja landann á föstudeginum og rokkhundarnir í Jet Black Joe á laugardegnum.

Nánari upplýsingar á prime.is

# Blessunin í lífi okkar

TAKK fyrir hjálpið er fyrsta stuttmynd Benedikts Erlingssonar en ekki sú síðasta, því hann er með tvö önnur verkefni í bígerð, *Naglinn* og þrífleik um íslenska hestinn.

Takk fyrir hjálpið verður frumsýnd í Tjarnarbíói kl. 18 á laugardag og er að sögn Benedikts kaldhæðin lítil saga. „Kannski finnst einhverjum hún trúarleg. Hún fjallar um dauðans óvissa tíma, eftirvæntinguna og hjálpinu, – og blessunina í lífi okkar... Ég gæti haldið lengi svona áfram.“

Í myndinni leika Hilmar Jónsson og danska leikkonan Charlotte Bøving, eiginkona Benedikts, fólk sem hittist á fjalli. Og önnur stuttmynd er á teikniborðinu, *Naglinn*, og liggur fyrir framleiðslustyrkur frá Kvikmyndasjóði. „Hún er pólitískari og hættulegri,“ segir Benedikt. „Hún

fjallar um mann sem fær nagla í hausinn, fær framheilaskaða og verður fyrir vikið betri leiðtogi, en verri pólitíkus.“

– Var slíkur leiðtogi í kosningunum?

„Nei, ég man bara eftir einum leiðtoga sem mætti í sjónvarpsviðtal með lítinn plástur á enninu. Og myndin er eiginlega sprottin af þessari gömlu minningu.“

Hann segist eiga eftir að ráða leikara, m.a. í hlutverk ríkisstjórnarinnar. „Stjórnarmyndunin er því eftir,“ segir hann. „En þó að Þingvallastjórnin sé fallett nafn, þá ætla ég ekki að tengja myndina við daginn í dag. Í minni ríkisstjórn verður hins vegar bara ein kona og ellefu karlmenn.“

Að síðustu er Benedikt að vinna að fjármögnun á þrífleik um íslenska

hestinn, – samband manns og hests. „Þær enda allar á dauða manns eða hests og eru því óseljanlegar, því það eru viðtekin sannindi í kvikmyndagerð að hestamyndir eru bara fyrir ungar stelpur í Evrópu.“

– Hvað tekur við eftir laugardag?

„Íslensk stuttmynd er bara íslensk stuttmynd og á engan séns í heiminum. Á laugardag má sjá hversu mikið hefur verið lagt í þessar tólf mínútur, allar kúnstir kvikmyndagerðarinnar. Svo verður myndin send á hátíðir um allan heim og fregnir berast af því að hún hafi fengið verðlaun, verið tilnefnd eða ekkert unnið. Ég mun náttúrulega geyma eintak af henni uppi í skáp. Og ef til verður íslenskt sjónvarp gæti sá dagur runnið upp að það tæki upp á því að sýna svona myndir.“



Morgunblaðið/Golli

Hestamaður Benedikt Erlingsson er m.a. með þrífleik um íslenska hestinn í bígerð, en stuttmyndin Takk fyrir hjálpið verður frumsýnd á laugardag.